

27.ágúst 2015

Stjórnarfundur Foreldrafélags Kelduskóla

Vættaborgir 85 - kl. 20:00 – 22:00

Mætt: Kristjana, Íris, Ásta, Valgerður (Vala), Ævar, Bryndís

Efni fundarins:

Margir að koma nýir inn í stjórn. Á fundinum var skipulag og verkefni stjórnarinnar fyrir skólaárið rætt.

Viðburðir á vegum stjórnarinnar

Rætt um þá viðburðir sem stjórnin sér um þ.e. Haustbingó, Páskabingó og Jólagangan.

Vöflukaffið rætt og vilji til að breyta þeim viðburði vegna erfiðleika við að manna.

Rætt um að sleppa vöflukaffinu og hafa það sparinestisdag í staðinn. 10.bekkur myndi hugsanlega sjá um veitingarnar og hafa þá fjáröflun í leiðinni. *Foreldrar myndu þá ekki koma að jólaföndrinu.*

Hugsanlegar dagsætningar (á eftir að staðfesta við Árný) fyrir viðburði eru eftirfarandi:

Haustbingó

Miðvikudagur 7. okt - Vík

Fimmtudagur 8. okt - Korpu

Jólagangan

Mánudagurinn 14. des – Jólagangan

Páskabingó

Miðvikudagur 16.mars – Vík

Fimmtudagur 17.mars – Korpa

Ábyrgð stjórnarmeðlima á viðburðum

Yfirleitt tveir úr stjórn sem bera ábyrgð á hverjum viðburði. Þeirra hlutverk er fyrst og fremst verkefnastjórnun. Við erum 9 í stjórn og viðburðir eru 5 og skiptum við okkur niður á viðburði.

Haustbingó

Ævar og Ásta

Jólagangan

Hanna og Arnar

Öskudagur

Valgerður og Íris

Páskabingó

Bryndís og Kristjana

Vorhátíð

Bryndís, Kristjana, Íris, Ásta, Ásdís o.fl. (Ætlunin er að fá sem flesta með okkur í lið á þennan viðburð)

Fjáraflanir

Ræddum hvaða bekkir myndu sjá um fjáraflanir m.t.t. þeirra skólaferðalaga sem bekkirnir fara í.

10. bekkur (myndi hugsanlega sjá um pönnukökusölu í stað vöflukaffis í byrjun des.)

10. bekkur - öskudagurinn (heyrum í Árný með það)

10. bekkur - páskabingó

7. bekkur - jólagangan.

9. bekkur - haustbingó.

9. bekkur fær vorhátíðina.

Bekkjjarfulltrúar

Ætlum að nýta okkur bekkjarfulltrúaskjalið sem Olga var búin að vinna. Sendur póstur í gær til foreldra þar sem ennþá vantar bekkjarfulltrúa í einhverja bekki. Fengum ágæt viðbrögð en ennþá vantar nokkra.

Íris tekur að sér að klára að fylla inn í skjalið.

Vinnufundur með bekkjarfulltrúum

Áætlað að halda vinnufund með bekkjarfulltrúum fimmtudaginn 10. september kl. 20:00. Stjórnin mætir 19:30 til að undirbúa. Á síðasta vinnufundi fékk hver bekkjarfulltrúi nafnalista fyrir sinn bekk til að fylla inn í.

Tengiliðir bekkjarfulltrúa

Ákveðið að hafa tengilið úr stjórn fyrir bekkjarfulltrúa eins og á síðasta skólaári. Röltstjóri verður ekki tengiliður fyrir bekkjarfulltrúa. Tengiliðir í stjórn fyrir hvern bekk eru:

1. bekkur - Hanna
2. bekkur - Ásdís
3. bekkur - Vala
4. bekkur - Arnar
5. bekkur - Vala
6. bekkur - Íris
7. bekkur - Ásta
8. bekkur - Bryndís
9. bekkur - Kristjana
10. bekkur - Ævar

Skipulag fyrir vinnufundinn

Það sem þarf að gera fyrir vinnufund:

- Tala við Árný um dagssetningar og fjáraflanir.

- Prenta út bekkjarlista (Íris).
- Prenta út lista um viðburði.
 - Þar sem m.a. kemur fram hverjir eru ábyrgðaraðilar úr stjórn.

Röltið

Á ennþá eftir að fá einhvern úr stjórn til að taka að sér að vera röltstjóri. (Verður sendur póstur þess efnis.) Rætt um að virkja röltið í öðrum hverfum til að gera það skilvirkara. Ræða við bekkjarfulltrúa sem sjá um röltið að hika ekki við að hafa sambandi við m.a. vegna áreitis í Spönginni. Ævar talaði um að vera í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar til að foreldraröltið gæti hugsanlega tekið röltið á þeim dögum sem viðburðir eru í félagsmiðstöðvunum.

Önnur mál

Aukin fíkniefnaneysla

Umræða um aukna fíkniefnaneyslu í Grafarvoginum og áhyggjur af þróun mála m.a. vegna sólarhringsopnunar Hagkaupa í Spönginni.

Rætt um að senda tölvupóst til foreldra vegna aukningar á fíkniefnaneyslu í Grafarvoginum. Hvetja til þess að standa saman í þessu og efla foreldraröltið.

Fyrirlestrar

Höfum hugsað okkur að halda tvo fyrirlestra í vetur:

- Fyrirlestur um Forvarnir gegn fíkniefnum (Haust)
- Fyrirlestur um Kynfræðslu (Vor)
 - Á eftir að heyra í Árný

Fræðsluefni

Hafa samband við Heimili og skóla til að athuga hvort þau eigi eitthvað fræðsluefni sem hægt væri að dreifa. (Vala tekur það að sér.)

Ársgjald foreldrafélagsins

Ákveðið að hafa það áfram 1000,- kr.

Næsti fundur

Vinnufundur með bekkjarfulltrúum fimmtudaginn 10. september kl. 20:00. Stjórnin mætir 19:30 til að undirbúa.